

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1990

28. ágúst 1990

1011

Nr. 349

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 466 30. september 1989 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1990–1991.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Framleiðanda er heimilt með samkomulagi við hlutaðeigandi afurðastöð að nýta allt að 4% af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1991/1992 með innleggi á verðlagsárinu 1990/1991. Á svæðum þar sem fóduröflun verður verulega undir meðallagi vegna óhagstæðs árferðis er þó heimilt að nýta allt að 8%, enda liggja fyrir meðmæli Búnaðarfélags Íslands og samþykki framkvæmdanefndar búvörusamninga. Einnig er þeim framleiðendum sem vilja leggja niður sauðfjárbúskap heimilt að nýta af fullvirðisrétti verðlagsársins 1991/1992 vegna förgunar á öllum bústofni í sauðfé eða meginhluta hans haustið 1990. Í samkomulaginu skal m.a. taka fram um greiðslu þessara afurða, sbr. 2. mgr. 29. gr. 1. nr. 46/1985.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

28. ágúst 1990

Nr. 350

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 145,
29. mars 1990.**

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, frá og með 1. september 1990:

IV kafli. Heimtaugar í dreifbýli.

1. Heimtaugargjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði o.þ.h.

Liður 1.1. breytist og orðist svo:

„1.1. Lágmarksgjald er 82.600 kr. fyrir hverja nýja heimtaug. Umframkostnaður við nýja heimtaug svo og kostnaður af breytingu eldri heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins og nánari ákvörðun rafmagnsveitustjóra hverju sinni.“